



Leikskólinn Núpur

Starfsáætlun 2017-2018



1 EFNISYFIRLIT

2	Um leikskólann	5
2.1	Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur- skipulag.....	5
2.1.1	Sjálfstæði:	5
2.1.2	Sköpun:.....	5
2.1.3	Samvinna:	5
2.1.4	Gleði:	6
2.2	Dagur í Núpi.....	6
2.2.1	Flæði	6
2.2.2	Snillikennsla.....	6
2.2.3	Meistaraverkefni	7
2.3	Matsaðferðir.....	7
2.4	Starfsmannastefna	7
2.5	Stefna vegna foreldrasamstarfs	7
2.6	Stoðþjónusta	7
3	Mat á starfi sl. starfsárs-niðurstöður.....	7
3.1	Ecers	8
3.2	Starfsánægjukönnun á vegum Kópavogsbæjar	8
3.3	Starfsmannasamtöl.....	8
3.3	Mat elstu barna	9
4	Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður	11
4.1	Snillikennsla	11
4.2	Menningarviðburðir á árinu	11
4.3	Hefðir og hátíðir ársins	12
5	Umbótaáætlun	12
6	Starfsáætlun næsta leikskólaár	13
6.1	Einkunnarorð leikskólans.....	13
6.1.1	Sérstakar áherslur.....	13
6.1.2	Markmið	13
6.2	Menningarviðburðir	14
6.3	Þróunar- og nýbreytnistarf	14
6.4	Mat á starfinu, matsaðferðir	14
7	Kynning á leikskólanum	15
7.1	Börn	15

7.1.1	Fjöldi barna	15
7.1.2	Aðlögun barna	16
7.1.3	Flutningur milli deilda	16
7.1.4	Útskrift barna	17
7.1.5	Sérkennsla	17
8	Starfsmenn – Áherslur í samstarfi	17
8.1	Fjöldi stöðugilda og menntun í september 2017	17
8.2	Hreyfing á starfsfólki	17
8.3	Þjóðerni starfsmanna annað en íslenskt	18
8.4	Fundir	18
8.5	Skipulagsdagar	18
8.6	Endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsárið	18
9	Foreldrasamstarf	18
9.1	Áherslur í foreldrasamstarfi	18
9.2	Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	19
9.3	Fræðsla og upplýsingar til foreldra	19
9.4	Foreldraráð	19
9.4.1	Starfsreglur foreldraráðs	19
9.4.2	Verkefni foreldraráðs	20
9.5	Foreldrafélag	20
10	Samstarf	20
10.1	Samstarf við grunnskóla	20
10.2	Samstarf við aðra	20
10.3	Nemar	21
11	Öryggismál	21
12	Lokaorð	21
13	Fylgiskjöl	23
13.1	Niðurstöður starfsánægjukönnunar	23
13.2	Símenntunaráætlun	31

1 UM LEIKSKÓLANN

Leikskólinn Núpur stendur við Núpalind 3. Hann er 708 m² að flatarmáli og flatarmál lóðar er 4077m² á grunnteikningu, garðurinn var minnkaður lítið eitt árið 2002 en stækkaður við deildina Lund haustið 2005 þannig að hann er öðruvísi en grunnteikning segir til um en flatarmálið sennilega nærri lagi. Núpur er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, tvær deildir fyrir tveggja og þriggja ára börn og ein deild fyrir árgömul börn. Á yngstu deildinni er rými fyrir 16 börn. Á tveggja til þriggja ára deildunum er rými fyrir 21 börn á hvorri deild. Á eldri deildum er rými fyrir 24 börn á hvorri deild. Leikrými leikskólans er 462,2m² sem gerir 4,4 m² á barn.

1.1 NÁMSKRÁ – STEFNA – UPPELDISLEGAR ÁHERSLUR- SKIPULAG

Námskrá leikskólans, 3. útgáfa, kom út vorið 2015. Námskrá hvers skóla á að vera lifandi plagg sem stöðugt þarf að endurskoða. Einkunnarorð leikskólans Núps eru „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“. Í þeim felast áherslur og markmið leikskólans sem eru útfærð í samverustundum, snillikennslu, frjálsa leiknum og þeim vinnuaðferðum sem er beitt í skólastarfinu.

1.1.1 Sjálfstæði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að vera óháður öðrum.

Við viljum:

- að barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekki sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við.
- að leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði.
- að börnin læra að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir.

1.1.2 Sköpun:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að skapa, búa til.

Við viljum:

- að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar.
- að leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- að umhverfið ýti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og aukins hugmyndaflugs.

1.1.3 Samvinna:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum.

Við viljum:

- að börnin læri að vinna saman.
- að barnið í gegnum samvinnu öðlist betri sjálfsþekkingu.
- að samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp.
- að leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman í að eiga góð samskipti.

- að leikskólakennarinn verði börnum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum.
- að umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálp.

1.1.4 Gleði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það ánægja, gott skap.

Við viljum:

- að leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskóladvalar sinnar.
- að leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik.
- að leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálft sig með glöðum og ánægðum hug.
- að gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.

1.2 DAGUR Í NÚPI

07:30 – 09:00	Frjáls leikur
08:15 – 08:45	Morgunmatur
09:30 – 10:00	Ávextir í boði
09:00 – 11:00	Skipulagt starf / frjáls leikur / flæði
Á föstudögum söngstund í sal kl. 9.00 – 9.20 og útivera	
11:00 – 11:10	Samverustund á yngri deildum
11:10 – 12:00	Hádegisverður á yngri deildum
11:30 – 12:00	Samverustund á eldri deildum
12:00 – 13:00	Hvöld á yngri deildum
12:00 – 13:00	Hádegisverður á eldri deildum
13:00 – 13:30	Meistaraverkefni á eldri deildum
13:00 – 14:40	Útivera, frjáls leikur eða flæði
14:10 - 14:30	Samverustundir yngri deilda
14:30 - 15:00	Síðdegishressing yngri deilda
14:50 – 15:15	Samverustundir, eldri deildir
15:00 – 15:45	Frjáls leikur á yngri deildum
15:15 – 15:50	Síðdegishressing eldri deilda
15:50 – 16:30	Frjáls leikur
16:30	Leikskólinn lokar

1.2.1 Flæði

Í flæði fara börnin á þau svæði sem þau vilja leika sér á hverjum tíma. Börnin á Höfða og Brekku flæða saman og börnin á Hvammi og Þúfu flæða saman. Meginmarkið með flæði er að efla sjálfræði barnanna, að þau hafi um það að segja hvar þau leika sér, með hverjum og hvaða viðfangsefni verður fyrir valinu.

1.2.2 Snillikennsla

Snillikennslan er á hringekjuformi. Hún fer fram í aldursskiptum hópum á milli kl. 9:10 og 9:40 á yngri deildum og 10 - 11:30 á eldri deildum frá september til maí. Fimm stöðvar verða í boði á eldri deildum en fjórar á yngri deildum og tengist hver stöð ákveðinni greind, sem eru eru tónlistargreind, rök- og stærðfræðigreind, líkams- og hreyfigreind, umhverfisgreind og rýmisgreind.

Börnin fara í föstum hópum milli „greindar“ stöðva. Hver kennari fær ákveðna stöð sem hann vinnur að allan veturinn og raðast kennarar á stöð eftir áhugasviði og styrkleika hvers og eins. Með því að rótera börnunum milli stöðva fá þau jafnan aðgang að öllum kennurum deildanna og öllum greindum.

Sumarsnillikennsla fer fram úti í júní og er hún í formi flæðis. Öll börn leikskólans taka þátt í henni.

1.2.3 Meistaraverkefni

Meistaraverkefni eru fyrir elsta árgang skólans, hver hópur meistara vinnur að þeim í u.þ.b. eina klukkustund tvisvar í viku yfir veturinn Meistaraverkefni fléttast inn í snillikennsluna.

Í vetur fer hluti af vinnu meistara úti í Lindaskóla.

1.3 MATSAÐFERÐIR

Árlega er starf leikskólans metið. Notaðar eru ýmsar matsaðferðir s.s. rafrænir spurningalistar til starfsfólks og foreldra. Meistaramat fer fram árlega en þá meta elstu börnin starfið í leikskólanum. Sameiginleg matsáætlun allra leikskóla í Kópavogi mun líta dagsins ljós fyrir skólaárið 2018-2019. Núpur mun einnig vinna að matsáætlun fyrir skólann og á þeirri vinnu að ljúka vorið 2018.

1.4 STARFSMANNASTEFNA

Í leikskólanum Núpi er unnið eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar, einnig er leitast við að:

- vera jákvæð, glöð og með húnorinn í lagi.
- vera fagleg í starfi með því að sýna ábyrgð og sinna skyldum okkar af virðingu.
- vera heiðarleg og hreinskiptin í samskiptum, tölum við en ekki um, hrósum og sýnum hvort öðru skilning.
- vera virk félagslega með því að spjalla saman daglega og hittast utan vinnutíma.

1.5 STEFNA VEGNA FORELDRASAMSTARFS

Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við foreldra. Deildarstjórar senda foreldrum tölvupóst reglulega með pistli um starfið og það sem framundan er. Myndir og fréttir ásamt tilkynningum er einnig sett inn á facebook deildanna og hefur sá fréttamáti verið að taka tölvupóstinn að mestu leyti yfir.

1.6 STÖÐPJÓNUSTA

Leikskólinn á gott samstarf við þau svið bæjarfélagsins sem tengjast daglegum rekstri s.s. umhverfis- og fasteignasvið sem kemur að viðhaldi leikskólans og leikskólalóðar, stjórnarsýslusvið sem kemur að launamálum og tækniþjónustu og velferðarsvið sem kemur að félagsþjónustu og velferð í barnaverndarmálum. Samskipti við þessi svið fara meira eða minna fram með rafrænum hætti.

Mest samstarf á leikskólinn við menntasvið. Mjög gott samstarf er við leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa leikskóladeildar. Þá hefur sérkennslustjóri gott samstarf við sérfræðinga á vegum leikskóladeildar.

2 MAT Á STARFI SL. STARFSÁRS-NIÐURSTÖÐUR

Vorið 2017 var starfið metið með Ecers matslistunum. Spurningalisti var lagður fyrir allt starfsfólk leikskólans um þróunarverkefnið „Læsi er meir en stafa staut“ og flæðandi matmálistíma.

Kópavogsbær lagði fyrir starfsánægjukönnun í mars og var hún gerð rafrænt.

Að vori var lagður spurningalisti fyrir börn í elsta árgangi skólans.

2.1 ECERS

Á vorönn mátu allar deildir starfi út frá Ecers matslistanum. Heildarniðurstöður úr matinu eru 5,7 sem er heldur betri niðurstaða en síðast þegar listinn var lagður fyrir.

Þeir flokkar sem eru skoðaðir eru Rými og búnaður, Umönnun og daglegt líf, Mál og hugtakanám, Leikur/viðfangsefni, Samskipti/skipulag og Starfsmenn og foreldrar. Sá þáttur sem kom verst út var mat á Rými og búnaði skólans með einkunina 4,9 af 7 mögulegum. Leikur/viðfangsefni kom þar á eftir með 5,5 sem telst þó góð einkun. Hæst skoraði Samskipti og skipulag með 6,3.

Niðurstöður matslistans voru ræddar á deildarfundum og lagður grunnur að úrbótum á þeim þáttum sem voru slakastir. Yngri deildir gera sameiginlega starfsáætlun fyrir sig og kemur þar fram áætlun um úrbætur. Sama er gert á eldri deildum.

Taka skal fram að yngsta deild leikskólans Lundur, skilaði inn niðurstöðum sem reiknast inn í heildarniðurstöður skólans. Skekkir það niðurstöðuna til hins verra því matið er ekki gert með starf yngstu barna í huga.

2.2 STARFSÁNÆGJUKÖNNUN Á VEGUM KÓPAVOGSBÆJAR

Seinnipart marsmánaðar 2017 var gerð starfsánægjukönnun á vegum Kópavogsbæjar. Lagður var rafrænn spurningalisti fyrir allt starfsfólk leikskólans nema leikskólastjórnendur.

Könnunin var lögð fyrir 27 manns og innihélt 15 fullyrðingar/spurningar. Af 27 manns svöruðu 20 eða u.þ.b. 75%.

Eftirfarandi fullyrðingar/spurningar og svörin við þeim tóna vel við niðurstöður starfsmannasamtala sem fram fóru í febrúar. Niðurstöður könnunarinnar í heild sinni má sjá aftast í starfsáætluninni merkt **Fylgiskjal 1**

3.3 STARFSMANNASAMTÖL

Starfsmannasamtöl voru tekin í mars og apríl og var starfsmannahópnum skipt á milli aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra. Starfsmenn fengu undirbúningsblað með spurningum um líðan, árangur í starfi, styrkleika/veikleika o.fl.

Eins og gengur og gerist og fram kemur í upphafsspurningu samtalsins þar sem spurt er um líðan og ánægju fólks er ánægja fólks tengt líðan þess og ánægja getur verið misjöfn milli daga og tímabila. Almenn er fólk ánægt í starfi en kvartar helst undan miklum veikindum samstarfsfólks sem eykur álag. Að öðru leiti er álag innan marka. Fólk er ánægt með þær breytingar sem gerðar voru á fyrirkomulagi matmálmála og finnst því nýja fyrirkomulagið minnka álag og hávaða.

Starfsfólki finnst vel haldið utan um allt skipulag, allir eða flestir vita til hver er ætlast af þeim og öll verkaskipting góð. Passað sé uppá að barnafjöldi fari ekki yfir viðmið og minnkar það einnig álag á deildir. Starfsfólki finnst gott að leita til yfirmanna, þeir hlusti á fólkið og eru alltaf til staðar. Í Núpi ríkir jákvæðni, traust og gleði, starfsfólki er treyst fyrir verkefnum og fái tækifæri á að spreyta sig.

Sérkennsluteymi skólans fær hrós fyrir jákvæðni og samvinnugleði. Almenn er fólk líka ánægt með samskipti í skólanum í heild þó svo ýmislegt megi bæta. Þar má helst telja samskipti milli deilda á yngri gangi og er sett fram áætlun þess efnis í starfsáætlun yngri deilda. Samskipti milli starfsfólks og barna sem og foreldra gengur vel.

Flestir eru sáttir við vinnuaðstöðu sína en nokkrir hlutir eru komnir á tíma sem auðvelt er að bæta úr. Má þar helst nefna að endurnýja hvíldardýnur, leikefni í hreyfisál og kaupa mætti fleiri fagbækur og jogastóla. Allt eru þetta hlutir sem auðvelt verður að eiga við og er fjallað nánar um í kafla um umbætur.

Starfsfólk talar flest um það að gaman væri að fara á námskeið tengdu starfinu. Í viðtölunum var fólk hvatt til að sækja þau námskeið sem boðið væri uppá í kraganum (Kraganámskeið). Einnig gætu allir óskað eftir að fara á námskeið sem væru á vegum endurmenntunar eða annara aðila og tengdust starfi og eða persónulegum starfsþroska hvers og eins

Almennt finnst starfsfólki að unnið sé skv. námskrá, að starfslýsingar séu skýrar og ekki sé verið að setja verkefni á sem samræmast þeim ekki. Eins fær fólk verkefni við hæfi hvers og eins og hæfileikar og styrkleikar fái að njóta sín.

Nýbreytni í leikskólastarfinu fellur starfsfólki vel í geð og má þar nefna flæðandi matmálstíma, læsisverkefnið, Blæ og facebook síðu skólans.

Það er mikið gleðiefni þegar allir starfsmenn leikskólans geti mælt með vinnustaðnum. Betra hrós er ekki hægt að fá fyrir stjórnendur skólans og rekstraraðila.

2.3 MAT ELSTU BARNNA

Spurningalisti var lagður fyrir 18 börn í elsta árgangi skólans. Spurt var um vini, ákveðnar stundir dagsins, leiksvæði og líðan í leikskólanum. Notaðar voru myndir til að leiða samtalið.

Öll börn töldu upp þrjú eða fleiri börn sem vini sína, af þeim sagði eitt barn að öll börnin væru vinir sínir enda ættu allir að vera vinir. Sextán börn sem nefndu vin sögðu alla eða hluta af sama hóp vera þá sem skemmtilegast væri að leika við. Eitt barn nefndi barn sem það nefndi ekki sem hluta af sínum vinum og eitt barn nefndi öll börnin á deildinni sinni. Fjórtán börn töldu starfsmenn í vinahópnum, níu nefndu einn til fimm og fjögur nefndu fleiri. Þegar spurt var hvort þau héldu að einhver ætti engan vin á leikskólanum voru 2 börn nefnd. Annars voru svörin „veit ekki“ eða „nei það eiga allir vini“. Þegar spurt var hvort eitthvað barn stjórnaði eða vildi stjórna meira en önnur voru 12 börn nefnd og sex af þeim oftast en einu sinni. Fjögur börn sögðu nei og tvö börn voru ekki viss.

Í frjálsum leik á milli kl. 8 og 9:30 er vinsælast að leika með lego (7). Næst er nefnt að púsla (3), perla (3), leika með segulkubba (3), leika við vin (3), mála (3) og lita (3). Annað sem er nefnt er að tefla, spila, leika með krækjukubba, lesa bók, einingakubba og fara í sal.

Síðastliðið haust byrjuðum við að bjóða upp á hafragraut í leikskólanum. Börnin voru spurð um hvað þeim fundist um að boðið sé upp á hafragraut í leikskólanum. Einu barni finnst skemmtilegt að boðið sé upp á graut, fimm börn segja hafragraut vera góðan og fara alltaf í grautinn. Eitt barn segist fara sjaldan og fjögur börn stundum. Fimm börnum finnst hann ekki góður, einu barni finnst hafragrautur ekki góður en fer samt, eitt barn fer ekki af því það er ekki kanill og einu finnst hann bara góður þegar maður er svangur.

Þrjú börn koma eftir morgunmat í leikskólann og hafa því ekki myndað sér skoðun.

Ávextir eru í boði á morgnana, 14 börn segja ávaxtastundina vera góða og átta börn taka það sérstaklega fram að þeim finnst ávextir vera góðir. Einu barni finnst almennt ávextir ekki vera góðir. Einu barni finnst appelsínur bestar, tveimur börnum finnast bananar, epli og perur best og eitt barn nefnir kirsuber og jarðarber sem sína uppáhalds ávexti.

Í snillikennslu eru listaskáli (9) og salur (11) vinsælastu svæðin til að vinna á, útikennsla (5) stærðfræði (4), tónlist (3), jóga (4) og þrjú börn nefna allt. Eitt barn nefnir þrautir og annað fótbolta.

Öll svæðin nema listaskáli eru svo aftur nefnd sem minna skemmtileg af 13 börnum, þrjú segja ekkert svæði vera leiðinlegt og tvö segjast ekki vita.

Hreyfisalur er vinsælasta svæðið (8) í flæði. Kubbar ýmis konar eru vinsælir, holukubbar (6), einingakubbar (5) og kaplakubbar (5). Fleira sem er nefnt eru hlutverkaleikur (5), listaskáli (3) og allt (4). Að leika á Brekku, Höfða, tefla, og dúkkuhús er nefnt sjaldnar. Þegar börnin voru spurð hvað væri ekki gaman að gera í flæði hefur dúkkuhús minnst aðdráttarafl þriðja árið í

röð en 8 börn nefna það sem minnst spennandi. Annað er nefnt sjaldan eða einu sinni til þrisvar. Fjögur börn segjast ekki geta nefnt neitt minna skemmtilegt svæði þar sem allt sé svo skemmtilegt.

Að fara í leiki(5) er oftast nefnt sem það sem er gaman að gera í samverustundum. Annað sem er nefnt er að skoða bækur og hlusta á lesnar bækur, hlusta á Blæ, Tótó og Spora, spila, segja frá og eitt barn nefnir að læra að tala og segja frá. Af þeim sem svara þegar spurt er hvort eitthvað sé leiðinlegt segja fjögur að ekkert sé leiðinlegt, þrjú segja að lesa bók, þrjú að syngja. Eitt barn nefnir að hlusta á bók af því þá má ekki tala, hlusta á áður lesna bók og eitt segir að sitja lengi og hlusta á leiðinlega sögu.

Þegar spurt er hádegismatinn og breytt fyrirkomulag í formi hlaðborðs eru öll börnin (18) sammála um það að fara í hlaðborð sé ýmist mjög gott eða skemmtilegt. Þegar spurt er um besta matinn nefna þau langflest grjónagrat (8) síðan grænmetisbuff (5) og kjúkling (5) en alls eru 16 matartegundir nefndar þegar spurt er hvað börnunum finnst gott að borða. Einu barni finnst allur matur góður. Sá matur sem er nefndur oftast sem sá matur sem ekki þykir góður er fiskur í ýmsum myndum (), allur fiskur (2), lax (2), steiktur fiskur (2). Sjö aðrar matartegundir eru nefndar einu sinni hver um sig.

Langflestum börnum fannst matartíminn finn eins og hann er og vildu engu breyta. Þau börn sem höfðu hugmyndir um hvernig mætti breyta matartímanum sögðu eftirfarandi; færa borðin til í salnum (1), víxla matar og kaffitíma (1), borða inni á deild (1), hafa matartímann eins og á veitingastað, maður bara pantar (1) og tvö börn nefndu að hægt væri að hafa matartímann eins og fyrir hlaðborð en þau vildu það ekki því hlaðborð væri betra.

Flest börnin (17/18) hafa ánægju af að vinna meistaraverkefni og eitt nefnir að flest sé skemmtilegt. Það sem nefnt er, það er að lita og teikna, gera verkefni og Smobkar.

Sem óska-verkefni nefna þau langflest að lita eða mála. Annað sem þau nefna er að búa til spil, tengja tölur, búa til hálsmen, búa til möppur, baka og gera steinleir.

16 börnum líður vel í fataklefa, einu barni líður illa í fataklefa af því það eru læti og einu líður stundum vel og stundum illa í fataklefa.

Að leika í sandkassa (6) og róla (13) er vinsælast í útiveru. Annað sem var nefnt var er; fótbolti, leika í steinum, leika í rennibraut, feluleikur, leika við vini, mömmó, vega og fara í eltingaleik. Tvö börn segja að allt sé skemmtilegt. Að leika í sandkassa er þrisvar sinnum nefnt sem ekki skemmtilegt í útiveru.

Almennt líður börnunum vel þegar þau fara á salernið og þvo hendur. Einu barni finnst ógeðslegt að þvo hendur og verða blautur af krönunum, eitt barn nefnir vonda lykt og einu barni líkar illa við sáþuna.

Almennt finnst börnunum kaffitíminn finn. Einu barni finnst hann finn nema þegar það eru ávextir og eitt barn tekur fram að brauð með skinku og og líka með gúrku sé gott og einu barni finnst að kaffitíminn eigi að vera eins og á veitingastað og bjóða einnig upp á eftirrétt.

11 börnum finnst skemmtilegt að syngja í söngstund á föstudögum og eitt nefnir sérstaklega að syngja Krúsílius. Tíu börnum finnst allt skemmtilegt í söngstund, einu barn finnst ekkert skemmtilegt í söngstund og einu stundum skemmtilegt. Einu barni finnst erfitt að sitja og eitt barn vill ekki vera stutt í söngstund.

11 börn nefna popp sem það besta við í afmæli og 7 börn nefna bókabíó sem skemmtilegast. Þremur börnum finnst allt skemmtilegt, þrjú nefna að velja afmælisdiska og glös og eitt nefnir að velja poppskálar. Það er ekki margt sem er erfitt við afmæli, eitt barn nefnir að fá strákadót í afmælisgjöf, eitt að leika eftir afmæli og einu barni finnst slæmt þegar þau eru búin. Einu barni finnst ekkert erfitt við afmæli en erfitt að syngja „Stingum af“. Mörg komu með tillögu um hvernig mætti breyta afmælishaldinu, flestar tengdust einhverju góðgæti eins og ís, kökum, sleikjó og pitsum. Það komu líka aðrar tillögur eins og að fara í salinn, hafa það í Smáratívolí, fá blöðru, hafa bara rosa gaman, spila á gítar og píanó, eitt barn vildi vera kokkurinn og einu barni fannst það fínt eins og það er.

6 börn vilja engu breyta í leikskólanum ef þau mættu ráða öllu. Eitt barn sagðist ekki vita hverju væri best að breyta og eitt barn vildi ekki ráða. 8 börn komu með tillögu um hverju mætti breyta, þær eru eftirfarandi: fara með Lund heim, stækka leikskólann, hafa enga ávexti í drekkutíma, hafa föstudagsflæði alla daga, setja tölvur og Playstation inn á deildir, bjóða upp á sælgæti, setja öll borðin í matsal saman, bjóða upp á köku, nammi og snakk á afmælum og hafa matartíma inn á deild.

15 börn segja að þeim líði vel og/eða það sé gaman að koma í leikskólann á morgnanna. Einu barni segist stundum líða illa þegar það kemur í leikskólann af því að fáir vinir séu komnir og einu barni segist ekki líða nógu vel af því að því langi enn í mömmu og pabba.

17 börn segjast vera glöð og/eða líða vel þegar þau fara heim en eitt segist þó stundum líða vel og stundum illa þegar stóri bróðir sé ekki góður við sig heima.

Börnin nefna fjölbreytt viðfangsefni sem það skemmtilegast í leikskólanum. Flest nefna að leika en einnig er nefnt að fara í sal og í jóga, róla, fara út, kubba, meistaraverkefni, lita, vorverkstæði, holukubbar og eitt barn segir að margt sé skemmtilegt, m.a. útskrift.

3 MAT Á STARFSÁÆTLUN SL. STARFSÁRS OG NIÐURSTÖÐUR

3.1 SNILLIKENNSLA

Í Núpi er snillikennslan í stöðugri þróun. Í snillikennslu er unnið út frá greindum og á hver greind sér ákveðin stað. Með tilliti til mats síðasta árs verða litlar breytingu á snillikennslunni. Unnið verður með hringekju á öllum deildum nema á Lundi. Þar verður snillikennslan meira í föstum hópum þar sem unnið verður með umhverfið, mál og samskipti, könnunarleikinn og fínhyfingaverkefni. Eftir áramót er áætlað að Lundur taki þátt í hringekju á yngri gangi.

3.2 MENNINGARVIÐBURÐIR Á ÁRINU

- Sinfóníutónleikar voru Eldborgarsal Hörpu í febrúar og voru börnin mjög ánægð með þá ferð. Verkið sem sýnt var hét Skrímslið litla systir mín.
- Ferð í Þjóðleikhúsið þar sem meisturum var boðið upp á Brúðukistuna með Bernd Ogradniks . Virkilega flott sýning sem börn og starfsfólk voru mjög ánægð með.
- Ferð í Sivertsenhús í Hafnarfirði með öll börn á elstu deildum – börn og starfsfólk almennt ánægð með ferðina.
- Jólaleikritið Strákurinn sem týndi jólunum með Leikhópnum Vinum – börn og starfsfólk almennt ánægt.

- Hildur og Heiða komu og skemmtu börnunum með söng og hljóðfærslætti í boði foreldrafélagsins, einnig bauð foreldrafélagið upp á skemmtun með íþróttálfnum . Þetta tókst afar vel og allir voru ánægðir.
- Reglulegar ferðir á Bókasafn Kópavogs ásamt lestrarátaki sem var samvinnuverkefni leikskólans, bókasafnsins, foreldrafélags Núps og foreldra.
- Þjóðadagar allra þjóðarbrotu í leikskólanum voru haldnir öllum til gleði og fróðleiks.

3.3 HEFÐIR OG HÁTÍÐIR ÁRSINS

- Hausthátíð, foreldrum boðið til garðveislu þar sem börnin buðu upp á súpu sem búin var til úr grænmeti sem þau höfðu ræktað. Hátíðin tókst vel.
- Karladagurinn var haldinn 28. október en þá var karlkyns aðstandendum barnanna boðið í skólann í morgunkaffi og söng. Mjög góð mæting var og vel heppnað.
- Gengið gegn einelti var samvinnuverkefni skólanna í hverfinu Núps, Dals og Lindaskóla.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, sagan um Búkollu var sögð með skuggamyndum.
- Piparkökubakstur og málun í byrjun desember. Foreldrum var boðið í málunina.
- Litlu jólin haldin hátíðleg með sögu, söng og dansi. Jólaveinn mætti á svæði og einnig prestar Lindakirkju.
- 17 ára afmæli Núps var haldið 6. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, heitu kakói og kleinum úti í garði.
- Þorablót 27. janúar, börnin bjuggu sér til höfuðföt sem þau settu upp við borðhaldið, skemmtilegur dagur
- Öskudagsball 1. mars, kötturinn var sleginn úr tunnunni og svo var flæði um allan skóla. Gekk mjög vel.
- Kvennadagurinn var haldinn 17. mars en þá var kvenkyns aðstandendum boðið í skólann í morgunkaffi og söng. Góð mæting að vanda.
- Opið hús var 4. maí. Boðið var upp á stöðvar bæði inni og úti þar sem börn og foreldrar léku saman. Í matsal var vöflusala en ágóði sölunnar fór í endurmenntunarsjóð starfsfólks. Vel heppnaður dagur.
- Sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í lok júní. Börn og starfsfólk leikskólanna hittust í undirgöngunum við Fífuhammveg. Leikskólarnir sungu hvor fyrir annan og svo bauð leikskólinn Dalur okkur í heimsókn í sinn garð þar sem við horfðum á leikrit, grilluðum pylsur og lékum okkur. Einstaklega skemmtilegur dagur.
- Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum, þar sem börnin fá kórónu, sérstaka diska og glös á matmálstímum og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.

4 UMBÓTAÁÆTLUN

Til að skapa góðan skóla þurfa kennarar sífellt að skoða starf sitt og það var gert í Núpi sl. vetur eins og endranær. Hver þáttur skólastarfsins var endurmetinn – hvað gekk vel og hvað mætti betur fara, breytum og bætum og þróum starfið áfram.

Veturinn 2017-2018 verður snillikennslan með sama hætti og síðastliðin vetur. Eina breytingin sem verður á henni er að ekki verður unnið með jóga í líkams- og hreyfigreind heldur almenna hreyfifærni og líkmsvitund. Jóga fer að einhverju leiti inn í deildarstarf.

Meistaraverkefni fléttast í vetur inn í snillikennslu á eldri gangi. Meistarar munu auk þess heimsækja

Lindaskóla í hverri viku þar sem unnið verður að undirbúningi þeirra fyrir grunnskóla. Börnin fá tækifæri til að vinna saman sem einn hópur og verða notaðar ýmsar leiðir til þess s.s. könnunaraðferðin, skapandi vinna o.fl.

Samvinna verður á milli eldri deilda og fer einn starfsmaður af hvorri deild út í Lindaskóla með allan hópin.

Niðurstöður starfsánægjukönnunar og starfsmannasamtala tóna vel saman. Þar komu fram ábendingar um hluti sem betur mættu fara í starfinu og umhverfinu. Leikskólastjórnendur hafa farið vel yfir þau atriði og brugðist strax við ákveðnum atriðum sem auðvelt var að laga. Nú þegar er búið að fjárfesta í jógaþólum á allar deildar. Fyrir næsta skólaár verður farið í að kaupa/endurnýja leikefni í hreyfisal og áætlun um endurnýjun á dýnum fyrir hvíld barna og fleiri hlutum sem þarfnast endurnýjunar verður tilbúin fyrir árslok. Annað sem kom fram og er ekki á færi leikskólastjóra að bæta úr er tölvukostur leikskólans en hann er orðinn lúinn og þarfnast endurnýjunar. Skv. tölvudeild Kópavogsbæjar er til áætlun um endurnýjun fyrir skólann og fær skólinn tvö ný tæki fyrir árslok. Fram kom að fólk hefði áhuga á að komast á fleiri námskeið. Starfsfólk var hvatt til að sækja um það sem í boði væri sem höfðaði til þeirra áhuga- og eða starfssviðs. Gerð verður skrifleg símenntunaráætlun fyrir hvern og einn starfsmann fyrir næsta vetur og gert er ráð fyrir að sú áætlun verði tilbúin í lok október [Fylgiskjal 2](#)

Einnig kom fram að stjórnendur og starfsfólk mætti vera duglegra að hrósa hvort öðru. Hrós er eitthvað sem við erum alltaf í basli með og fáum við á hverju ári ábendingu um að þar mættum við bæta okkur. Í vetur verður gerð rafræn könnun meðal starfsfólks þar sem það verður spurt hvað hrós sé, hvort það fái hrós og hvort það hrósi öðrum. Það verður spennandi að sjá útkomuna úr því. Fram kom að fólk væri ánægt með þær breytingar sem gerðar voru á matmálstímum barna. Þessu fylgdu breytingar á fyrirkomulagi kaffitíma starfsfólk sem eru þó nokkrir hnökra á. Það mál er í vinnslu í samvinnu við Menntasvið Kópavogs, starfsmannastjóra Kópavogsbæjar og fulltrúa stéttarfélagi.

Samkvæmt starfsánægjukönnun þurfa deildarstjórar að vera virkari í stuðning við starfsmenn sína og muna deildarstjórar með reglubundnum hætti taka starfsmenn í samtöl.

5 STARFSÁÆTLUN NÆSTA LEIKSKÓLAÁR

5.1 EINKUNNARORÐ LEIKSKÓLANS

Skólaárið 2017-2018 verður unnið með fjölgreindir og snillikennslu. Einkunnarorð leikskólans eru sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði. Unnið er með einkunnarorð samkvæmt skólanámskrá. Markmið einkunnaorðanna eru:

- að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar sem þekkja eigin möguleika og takmörk
- efla sjálfsvitund og sjálfsöryggi barnanna
- efla skapandi starf í leikskólanum

5.1.1 Sérstakar áherslur

Sérstakar áherslur skólaársins eru „Fjölgreindir í leikskólastarfi“. Við vinnum út frá hugmyndum Howard Gardner um fjölgreindirnar. Einnig verður sérstök áhersla lögð á sjálfræði barnanna þannig að þau hafi meira um það að segja hvað þau vilja gera, með hverjum og hvar.

5.1.2 Markmið

Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem kunna að vinna saman. Við leggjum áherslu á að vinna með sjálfræði barnsins og að efla þau í sjálfshjálpar enda hjálpar það barninu við að standa með sjálfu sér og þekkja möguleika sína. Sjálfstæðir einstaklingar eiga

auðveldara með að vinna saman og þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Í einkunnarorðum leikskólans „sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði“ felast þessi markmið.

5.2 MENNINGARVIÐBURÐIR

Menningarviðburðir á árinu eru helstir: jólaleikrit, ferðir á ýmis söfn, símfóniútónleikar, hátíðlegheit á jólaföstu, menningarferðir í Þjóðleikhúsið og Þjóðadagar allra Þjóðarbrota í leikskólanum.

Ferðir á árinu eru meðal annars fyrirhugaðar, í sveitina í samvinnu við foreldrafélagið og í ýmsar vettvangsferðir.

Hefðir og hátíðir ársins eru haustfagnaður 14. september, dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, litlu jólin 14. desember, afmæli Núps 5. janúar með vasaljósaþöngu um hverfið, flæði og afmælistöku, þorablót 26. janúar, öskudagsball 14. febrúar og sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal 21. júní. Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum þar sem börnin gera sér kórónu, íslenski fáninn er settur á borðið þeirra í hádeginu og mynd af þeim fer á hurðina inn á deild. Yngri börnin mega koma með bók sem er lesin í samverustund fyrir mat og á eldri gangi verður bókabíó. Öll börn fá svo að velja sér fallett afmælistatarstell til að borða af í hádeginu og dagurinn er gerður þeim minnistæður.

5.3 ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF

